

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar

SAMANTEKT VINNUFUNDA

10. Júní 2020



Fundir með sviðum

- *Fórum yfir hvað hefur gengið vel og hvað hefur gengið síður*
- *Hvaða bjargir/stuðning sviðin þurfa til að greiða aðkomu íbúa að ákvarðanatöku*
- *Hvað þarf að breytast til þess að tryggj sé að verkefni séu unnin eins lýðræðislega og unnt er*

1. Blandaður fundur
2. Velferðarsvið
3. SFS
4. USK



Helstu áherslur og ábendingar

- Mörg verkefni sem **snúa að lýðræði hafa gengið vel** þar voru t.d. nefnd menntastefnan, Korpúlfar í Grafarvogi, hverfisskipulagið, innleiðing rafrænnar fjárhagsaðstoðar og ungmennaráðin.
- Verkefni þar sem **notendamiðuð hönnun** er höfð að leiðarljósi hafa gefið góða raun.
- Verkefnið „Hverfið mitt“ hefur gengið ágætlega. Sumir bentu þó á að þau verkefni sem hljóta kosningu fá **ekki alltaf brautargengi**, og oftast en ekki að **verkefnin breytist** og endi ekki eins og kosið var um upphaflega. Talað um sýndarlýðræði í þessu samhengi.
- Aðrir bentu á **vægi verkefna** sem eru innan „Hverfið mitt“ t.d varðandi viðhaldsverkefni og verkefni tengd samgöngum, eiga þau heima þar?
- **Rekstur verkefna** gleymist oft, það er eitt að setja verkefnið á laggirnar, en svo gleymist að gera ráð fyrir rekstri.



Helstu áherslur og ábendingar

- Vangaveltur um hvort að notendaráðin **séu rétt staðsett** innan stjórnáráðs. Ættu þau frekar heima undir t.d. velferðarsviði þar sem þau eru í beinni tengslum við þær ákvarðanir sem þau vilja og geta haft áhrif á.
- Lýðræði kostar **orku, tíma og álag**. Starfsfólk var almennt hlynnt auknu lýðræði en fannst skorta tíma, svigrúm og stuðning í að keyra verkefni áfram undir lýðræðislegum forsendum. Verkefni sem hafa verið til fyrirmyndar hvað varðar aðkomu borgara hafa tekið mikinn tíma, menntastefnan var nefnd í þessu samhengi þar sem mörg önnur verkefni fóru á bið á meðan sú vinna var í gangi.
- **Ferlar eru brotnir** eða jafnvel ekki til. Þegar verkefni eða starfshópar hefjast, er ekki búið að teikna upp hvernig farvegur verkefna á að vera eða hvernig **innleiðing** á að eiga sér stað.
 - Tengja stefnur saman?
 - Er verið að framfylgja öllum stefnum?
 - Hvert er vald embættismanna/pólítíkur þegar kosning hefur þegar átt sér stað?
 - Með hvaða hætti á að hafa samráð? Hverjir, hvar og hvernig er fólk kallað saman?
 - Fólk kallað til samráðs en skoðanir þess ná ekki alla leið, sem þýðir að raunveruleg aðkoma er lítil – sýndarsamtal.



Helstu áherslur og ábendingar

- **Minnihlutahópar** hafa ekki alltaf sterkan **málsvara** innan lýðræðisins og reynist oft erfiðara að ná til þeirra.
- Tilfinning starfsfólks um að sumar **stefnur innan borgarinnar séu ósýnilegar** og lendi ofan í skúffu, hvernig komum við í veg fyrir að lýðræðisstefnan verði ein af þeim?
- Vangaveltur um hvenær hinn almenni borgari eigi að hafa **áhrif á ákvarðanatöku**, hvenær ákvarðanir eru pólitískar og hvenær ákvarðanir eigi að vera í höndum fagaðila.
- Skilningur borgara á **samspili laga, reglna og stefna** er takmarkaður sem kostar oft gremju og óánægju, sérstaklega þau verkefni sem USK sinnir.
- Mál sem **rata í fjölmiðla** geta verið starfsfólki erfið, og ekki alltaf ljóst hvernig eigi að fá stuðning í slíkum málum.
- **Skortur á upplýsingaflæði** til borgara og annarra hagaðila varðandi hin ýmsu verkefni, bent var á að það væri hægt að gera mun betur í þessum málum. Ítrekað kom fram **að forsenda virks lýðræðis** væri gott upplýsingaflæði.
- **Vinnustaðamenning** Reykjavíkurborgar styður ekki vel við samstarf á milli sviði. Sumir nefndu að það væru **múrar á milli skrifstofa** sem torveldaði samvinnu í verkefnum sem krefðust þverfaglegar vinnu.



Hvaða bjargir/stuðning kallar starfsfólk eftir?

- Starfsfólk bendir á að það þarf að gera ráð fyrir auknum **tíma, gefa starfsfólki svigrúm og stuðning** í verkefni sem krefjast lýðræðislegrar aðkomu borgara.
- Mikilvægt að Reykjavíkurborg haldi áfram þeirri vegferð í **stafrænum lausnum** og forgangsraði í þágu **tækni og upplýsingamiðlunar**. Það skapi enn betri grundvöll fyrir virku lýðræði borgara.
- Kallað var eftir aukinni **fræðslu og kennslu** varðandi lýðræðismál í borginni. Hvernig vinna eigi verkefni á lýðræðislegan hátt, hvenær kalla á eftir samráði og hvernig eigi að ná til ólíkra hópa fólks. **Hafa greiðan aðgang að stuðning** bæði í formi þess að fá aðstoð frá sérfræðing og eða geta leitað í verkfærakistu varðandi lýðræðismál.



Hvað telur starfsfólk að þurfi að breytast?

- **Vinnustaðamenning og viðhorf** starfsmanna Reykjavíkurborgar þarf að breytast. Leggja aukna áherslu á **þjónustumiðað viðhorf** og skapa umhverfi þar sem samstarf og samtal á milli skrifstofa er sjálfsagt og blómlegt.
- Starfsfólk kallar eftir **auknu samstarfi og samtali** á milli skrifstofa og að verkefni verði unnin þverfaglega til að tryggja lýðræðislega aðkomu borgara. (**Teymisvinna**).
- **Skýra og vel skilgreinda ferla og verklag** varðandi hvernig eigi að vinna verkefni og tryggja aðkomu borgara á sem lýðræðislegan hátt.
- Betri **upplýsingagjöf og gagnsæi** í ákvörðunartöku, til borgara sem og innan stjórnsýslunnar.
- Tryggja einhvern **fjölda eða gæði ábendinga** til þess að erindi fái farveg innan stjórnsýslunnar.
- Að lýðræðisstefnan verði notuð sem verkfæri starfsfólk Reykjavíkurborgar.

